

við frv. til l. um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins o. fl.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar (HB og KK).

1. Á undan 1. gr. komi ný grein (er verði 1. gr.), þannig:  
Ríkisstjórnin skipar átta manna nefnd — tvo frá hverjum þingflokki eftir tilefningu þeirra — til að rannsaka efnahagsmál þjóðarinnar og leita samkomulags um aðkallandi ráðstafanir í þeim eignum, er miði að því að hindra vöxt dýrtíðarinnar, halda atvinnulífinu í fullum gangi, auka framleiðni og framleiðslu og tryggja öllu vinnandi fólki viðunandi tekjur fyrir hæfilegan vinnutíma.
2. Við 1. gr. (er verði 2. gr.).
  - a. Í stað „43 millj.“ komi: 60 millj.
  - b. Á eftir orðinu „freðfisks“ komi: saltfisks og skreiðar.
  - c. 2. másl. falli burt.
  - d. Aftan við greinina bætist nýjar málsgreinar, svo hljóðandi:  
Heinilt er að verja á árinu 1964 allt að 15 millj. kr. úr ríkissjóði til að greiða þeim vinnslustöðvum, sem hafa lakasta rekstraraðstöðu, vegna þess að hráefni þeirra er sérstaklega dýrt í vinnslu, en nauðsynlegt er að starfi vegna hlutaðeigandi byggðarlaga, uppþætur á sumarveiddan bátafisk annan en síld.  
Fé því, sem fram er lagt samkv. þessari grein, skal úthlutað af stjórn atvinnubótasjóðs eftir reglum, sem hún setur.
3. Við 5. gr. Greinin falli burt.
4. Við 6. gr. Greinin orðist svo:  
Ríkisstjórnin hlutist til um, að afurðalán Seðlabanka Íslands verði 67% af fob.-verði sjávarafurða og 67% af óniðurgreiddu heilðsöluverði landbúnaðar-afurða.  
Vextir af afurðavíxlum, sem Seðlabankinn endurkaupir, mega ekki vera hærri en þeir voru á árinu 1959 (5—5½%).  
Verðlagsráð sjávarútvegsins skal reikna út fiskverð fyrir árið 1964, er miðist við það, að lækking á vaxtakostnaði fiskvinnslustöðva samkvæmt þessari grein gangi til hækkunar á fiskverðinu.
5. Við bráðabirgðaákvæði. Á eftir b-lið komi nýr stafliður, svo hljóðandi:  
Ríkisstjórnin skal láta fara fram endurskoðun á ákvæðum 3. gr. um útflutningsgjald. Skal endurskoðunin við það miðuð að breyta gjaldinu þannig, að það verði miðað við þunga útfluttra sjávarafurða í stað verðmætis og jafnframt lækkað verulega.  
Þessari endurskoðun skal lokið það snemma, að unnt verði að leggja fram frumvarp um þetta efni í upphafi næsta þings.